

Fréttabréf

18. ágúst 2015
1. tbl. skólaárið 2015 — 2016

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Nú þegar sumri er farið að halla hefja skólar störf á ný. Samkvæmt skóladagatali verður skólaasetning Grunnskóla Snæfellsbæjar, mánudaginn 24. ágúst. Þann dag verður kennt í Ólafsvík og á Hellisandi samkvæmt stundaskrá. Í Lýsuhólsskóla er skólaasetning kl 13:00. Skólabílar ganga samkvæmt aksturstöflu.

Gagnalistar (innkaupalistar), áætlun skólabíla og skóladagtal eru á heimasíðu skólans, <http://gsnb.is/>. Skóladagatalið birtist líka nemendum og foreldrum þegar þeir fara inn á sitt svæði í Mentor. Stundatöflur nemenda verður hægt að nálgast inni á Mentor eftir föstudaginn 21. ágúst.

Starfsmannahald

Á fjölmönnum vinnustað eins og Grunnskóli Snæfellsbæjar er, eru alltaf mannabreytingar. Þeim sem hurfu á braut til annarra starfa eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf fyrir skólann og nýtt starfsfólk er boðið velkomið til starfa.

Þeir sem hafa hætt í vor eða sumar eru: Magnús Þór Jónsson skólastjóri, Ásta Guðnadóttir sérkennari, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir bókavörður, Harpa Hannesdóttir skólaliði og Sigrún Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi. Snædís Hjartardóttir íþróttakennari og Gunnsteinn Sigurðsson kennari eru í ársleyfi. Í þeirra stað er búið að ráða Hilmar Má Arason skólastjóra, Ásu Gunni Sigurðardóttur umsjónarkennara, Heiðrúnu Huldu Hallgrímsdóttur skólaliða, Hugrúnu Elísdóttur tölvukennara og verkefnastjóra á sviði upplýsingntækni, Katrínu Aðalheiði Magnúsdóttur sérkennara, Þiðrik Örn Viðarsson (Diddi) íþróttir og Theódóru Friðbjörnsdóttur umsjónarkennara.

Þegar þetta er skrifað er ekki búið að ráða í allar stöður við skólann en okkur vantar stuðningsfulltrúa á starfsstöðina í Ólafsvík, skólaliða á starfsstöðina á Hellisandi, starfsmann í Skólabæ á Hellisandi og starfsmann í leikskólaselið í Lýsuhólsskóla. Þegar búið verður að ráða í þessar stöður verður það kynnt í fréttabréfi.

Umsjónarkennarar

Umsjónarkennarar gegna veigamiklu starfi. Þeir eru mikilvægir tengiliðir heimilis og skóla. Þeir fylgjast með námsframvindu hvers og eins, mynda trúnaðartengsl við nemendur, fylgjast með andlegri og félagslegri líðan nemenda.

Umsjónarkennarar 2015-2016:

Hellisandur:

1.bekkur	Guðrún Anna Oddsdóttir og Kristín Helga Guðjónsdóttir (Einn bekkur og tveir umsjónarkennarar)
2.bekkur GP	Guðríður Þórðardóttir
3.bekkur SJ	Sóley Jónsdóttir
4.bekkur HH	Hrund Hermannsdóttir

Ólafsvík:

5.bekkur EBJ	Eygló Bára Jónsdóttir (var 4.HP)
5.bekkur TF	Theódóra Friðbjörnsdóttir (var 4.GAO)
6.bekkur SJ	Sigurbjörg Jónsdóttir
7.bekkur ÁGS	Ása Gunnur Sigurðardóttir
8.bekkur MLG	Margrét Lára Guðmundsdóttir
9.bekkur EDÁ	Elva Dröfn Árnadóttir
9.bekkur SJS	Svandís Jóna Sigurðardóttir
10.bekkur X,Y	Guðrún Jenný Sigurðardóttir.

Lýsuhólsskóli:

1.-6. bekk	Hildur Sveinbjörnsdóttir
7.-10. bekk	Haukur Þórðarson

Ytra mat

Á síðasta skólaári var skólinn metinn með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Námsmatsstofnunar. Matið var fyrst og fremst til að styðja skólann við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Í sumar var foreldrum/forráðamönnum sent bréf þar sem tíundaðar voru helstu niðurstöður. Margt kom vel út og bent var á þætti sem mega vera betri en niðurstaða matsmanna var að:

„Í stórum dráttum má segja að í Grunnskóla Snæfellsbæjar fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst meðal annars í öflugri áttthagafræðikennslu sem nær til allra árganga skólans og má segja að umhverfi, menning og saga séu mjög áberandi í vitund nemenda og starfsfólks.“

Skýrsluna og foreldrabréfið er hægt að nálgast á heimasíðu skólans, <http://gsnb.is/>. Í framhaldi af útkomu skýrslunnar hófu stjórnendur og umbótateymi skólans vinnu við umbótaáætlun sem mun verða kynnt nú á haustdögum.

Umsóknir um aukna þjónustu

Skólinn veitir ýmsa þjónustu sem þarf að sækja um sérstaklega, má þar helst nefna:

- ✓ Lengda viðveru í Skólabæ, á Hellissandi
- ✓ Mataráskrift
- ✓ Leikskólaselið í Lýssk.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Að lokum

Það er von okkar sem í skólanum störfum að samstarf foreldra, nemenda og starfsfólks verði gott á komandi skólaári. Við munum leggja okkur fram um að svo megi verða með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Hilmar Már Arason
Skólastjóri